

KLEMMMA Á MIÐTAUG

Heilkenni þvingunar á miðtaug (enska: *carpal tunnel syndrome*) verður þegar þrýstingur myndast á taugina við úlnlið. Þar eru göng, sem taugin og níu sínar liggja gegnum. Heilkennið getur komið á öllum aldri. Flestir, sem fá heilkennið, eru hraustir fyrir en tíðnin er vissulega hærrí hjá fólki með ákveðna sjúkdóma eins og sykursýki eða liðagigt.

Einkennin eru skynbreytingar, oftast nálarðofi, á fingrum öðrum en litla fingri. Nálarðofinn er tíðum verstur á nóttunni eða fyrst á morgnana. Fólk glímir oft við hann með því að hrista höndina. Dofinn birtist gjarnan þegar lengi er beygt um úlnlið, t.d. þegar dagblað er lesið, talað lengi í síma, hárið greitt, haldið um stýri og þess háttar. Þegar ástandið versnar, getur dofinn orðið stöðugur. Þá visna smávöðvar þumals og kraftur verður minni í hendinni. Fólk verður klaufskt og missir hluti eins og glös. Verkir í úlnlið með leiðni upp í framhandlegg geta fylgt.

Leiki vafi á greiningu er hægt að gangast undir **rannsókn**, svonefnt taugaleiðniþróf. Prófið nær hins vegar ekki að mæla allar klemmur þannig að stöku sinnum er boðið upp á meðferð við heilkenninu þrátt fyrir að klemma hafi ekki mælst á prófinu.

Oft er hægt að lina einkenni **án skurðaðgerðar**. Minnkað álag, t.d. í sumarleyfi, leiðir stundum til minni einkenna. Notkun á spelkum, sem halda úlnliðnum beinum að nóttu, geta bætt svefninn. Sé þvingunin vegna bólgusjúkdóms eins og liðagigtar getur sterasprauta í göngin dregið tímabundið úr einkennum.

Við þrálátum einkennum er boðið upp á **skurðaðgerð**. Hún er gerð í staðdeygingu án kæruleysislyfja. Með aðgerðinni er skapað meira svigrúm fyrir taugina. Oftast dugur þetta til að hún jafni sig að lokum en ekki alltaf, einkum hafi klemman varað lengi eða sjúklingur aldraður mjög. Skorið er endilangt eftir bandvefnum, sem myndar þak gangnanna. Eftir að sárið er saumað eru umbúðir lagðar og stundum styrktar með lítilli gipsplötu. Gott er að hlífa hendinni í nokkra daga og halda henni í hástöðu, t.d. í hæð við hjartað. Eftir aðgerð geta verkur og bólga á svæði aðgerðar varað í margar vikur eða mánuði. Dofinn hverfur þó oftast fyrr. Ástandið kemur sjaldnast aftur á sömu hendi eftir skurðaðgerð.

Fjarvistir frá vinnu eftir aðgerð eru algjörlega háðar starfi og afstöðu sjúklings. Sumir vilja og geta unnið án annarrar handarinnar og geta þá snúið til starfa innan nokkurra daga frá aðgerð. Fólk í líkamlega erfiðum störfum eins og smíðum eða ummönnun er flest frá vinnu í 4 - 6 vikur en sumir lengur.